

Velferðarnefnd Alþingis.

16. mars 2018

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar tillögu til þingsályktunar um greiðslupátttöku sjúklinga. Þingskjal 44 — 44. mál.

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að fá þingsályktunartillöguna til umsagnar.

Sú breyting sem gerð var á greiðslupátttöku sjúklinga með lögum nr. 77/2016 hefur haft þau áhrif að kostnaðarþátttaka öryrkja vegna heilbrigðisþjónustu hefur að meðaltali hækkað frá því sem áður var. Proskahjálp telur það vera afar ósanngjarnt og óásættanlegt að réttmætar breytingar sem voru gerðar til að koma til móts við mikinn heilbrigðiskostnað langveikra geti þannig orðið til þess að heilbrigðiskostnaður verði meiri hjá efnalitlum öryrkjum.

Í þingsályktunartillögunni er einnig gert ráð fyrir að dregið verði úr hlutdeild aldraðra og öryrkja í kostnaði vegna tannlækninga. Landssamtökin Proskahjálp hafa í mörg ár bent hlutaðeigandi stjórnvöldum á að mikill munur sé á þeirri gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra notar til viðmiðunar við endurgreiðslu tannlæknaðnaðar og því gjaldi sem tannlæknar taka fyrir þjónustu sína, enda hafi gjaldskrá heilbrigðisráðherra ekki hækkað í samræmi við verðlags- og launavísitölur.

Þetta er óásættanlegt og mjög tímabært og brýnt að úr þessu verði bætt m.t.t. hagsmuna þeirra hópa og einstaklinga sem í hlut eiga. Þá er augljóslega óforsvaranlegt að stjórnvöld hagi setningu reglnaog framkvæmd þannig að það fólk sem á að njóta ívilnunar sem reglur mæla fyrir um sem og allur almenningur geti staðið í þeirri trú að ákveðið hlutfall tannlæknaðnaðar fái endurgreiddur þegar raunin er að það hlutfall miðast við allt aðra fjárhæð en raunkostnað þeirra sem í hlut eiga.

Með vísan til framangreinds lýsa Landssamtökin Proskahjálp eindregnum stuðningi við þingsályktunartillöguna.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.